

Haraldur Þór Jónsson

From: Ingibjörg Ásta Rúnarsdóttir <ingibjorg@hfsu.is>
Sent: föstudagur, 13. október 2023 11:29
To: Haraldur Þór Jónsson
Subject: Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands leitar að styrktaraðilum

Góðan daginn

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands leitar að styrktaraðilum. Umsjón með sjóðnum hefur Háskólafélag Suðurlands [Háskólafélag Suðurlands \(hfsu.is\)](https://www.hfsu.is) en félagið hefur mikinn metnað fyrir því að efla sjóðinn og styrkja. Því leitum við til ykkar um að koma inn í glæsilegan hóp styrktaraðila sjóðsins.

Framlög til sjóðsins eru frjáls en lagt er upp úr því að gera þriggja ára samning við styrktaraðila þ.a. ákveðin upphæð er borguð einu sinni á ári í þrjú ár.

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands hefur verið starfræktur frá árinu 2002 og hefur það markmið að veita styrki til námsfólks sem vinnur að rannsóknarverkefnum til lokaprófs á háskólastigi.

Verkefnin skulu tengjast Suðurlandi og þjóna ótvíræðum atvinnu- og/eða fræðilegum tilgangi fyrir landshlutann eða hluta hans.

Sjóðurinn: [Vísindasjóður - Háskólafélag Suðurlands \(hfsu.is\)](https://www.hfsu.is)

Styrkþegar 2002-2022: [Styrkþegar - Háskólafélag Suðurlands \(hfsu.is\)](https://www.hfsu.is)

Styrktaraðilar 2023-2025: [Styrktaraðilar2023-2025 - Háskólafélag Suðurlands \(hfsu.is\)](https://www.hfsu.is)

Vinsamlegast sendu okkur staðfestingu á því hvort Skeiða- og gnúpverjahreppur vilji styrkja sjóðinn eður ei.

Með fyrirfram þökk,

f.h. Háskólafélags Suðurlands,

Kær kveðja

Ingibjörg Ásta Rúnarsdóttir

Þjónustufulltrúi



Fjölheimum, Tryggvagötu 13

800 Selfossi

Tel. 560-2040

www.hfsu.is

www.fjolheimar.is